



## Erindi og fyrirlesarar á Haustráðstefnu LÍSU samtakanna Landupplýsingar 2016

**Og hvað segja svo lögin?** Sigríður Anna Ellerup og Ásta Sólveig Andrésdóttir lögfræðingar hjá  
Direktu lögfræðipjónustu

**Frá fortíð til nútíðar** Elín Erlingsdóttir, Landnot ehf

**Skekkjur og hvað ber að varast** Skúli Pálsson, Verkís

**Afmarkanir landeigna: Saga af eplum og appelsínum** Friðrik Örn Bjarnason, Þjóðskrá Íslands

Afmörkun landeigna á Íslandi hefur í gegnum tíðina tekið ýmsum breytingum. Hver er nálgum Þjóðskrár Íslands að þessum margbreytilegu heimildum og hvernig reynir Þjóðskrár Íslands að flokka þessa mismunandi ávexti.

**Jarðir í eigu Ríkissjóðs Íslands. – Veggspjald** Ása Margrét Einarsdóttir, Ríkiseignir

Skráðar jarðir í eigu Ríkissjóðs Íslands eru 453 á landsvísu. Af þessum jörðum eru 316 í umsjón Ríkiseigna, en 137 jarðir eru í umsjón annarra ríkisstofnana og ráðuneyta. Markvisst hefur verið unnið að því síðustu ár að skrá allar jarðir ríkisstofnana undir eina kennitölu Ríkissjóðs Íslands. Hjá Ríkiseignum hefur verið gerður gagnagrunnur sem geymir upplýsingar um nýtingu á þessum jörðum. Á heimasíðu Ríkiseigna er kortavefsjá þar sem sjá má landfræðilega staðsetningu allra jarða í eigu Ríkissjóðs Íslands. Ríkiseignir urðu til árið 2015 þegar Fasteignir ríkissjóðs og Jarðeignir ríkisins voru sameinaðar. Ríkiseignir hafa að auki umsjón með byggingum og auðlindum í eigu ríkisins í umboði fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Á síðasta ári hafa Ríkiseignir verið í átaksverkefni með Þjóðskrá Íslands og Landmælingum Íslands um að mæla upp eignamörk jarða.

**Ása Margrét Einarsdóttir**, landfræðingur M.Sc, Verkefnisstjóri landupplýsinga hjá Ríkiseignum.

**Opinn hugbúnaður fyrir landupplýsingageirann** Hafliði Magnússon, Landmælingar Íslands

Í fyrirlestrinum verður OSGeo (e: The Open Source Geospatial Foundation) kynnt auk FOSS4G (e: Free and Open Source Software for Geospatial) ráðstefna. Einnig verður kynnt reynsla LMÍ af innleiðingu á opnum hugbúnaði hjá sér.

**Hafliði Sigtryggur Magnússon** Bs. í Tölvunarfræði frá Háskóla Íslands. Hann starfar hjá Landmælingum Íslands og vinnur meðal annars í innleiðingum á opnum hugbúnaði hjá LMÍ.

## INSPIRE í framkvæmd

Ásta Kristín Óladóttir, Landmælingar Íslands

Í fyrirlestrinum verður farið yfir reynslu LMÍ af umbreytingu IS 50V yfir á INSPIRE strúktúr ásamt því að koma upp vefþjónustum sem uppfylla kröfur INSPIRE. Þá verður einnig komið inn á kröfur vegna lýsigagna og breytingar sem eru áætlaðar vegna Grunngerðar Gáttar fyrir Ísland.

**Ásta Kristín Óladóttir.** Bs. Í Landafræði frá Háskóla Íslands og stundar meistaranám við Háskólann í Lundi í landupplýsingafræðum. Hún er starfandi landupplýsingasérfræðingur með áherslu á vefþjónustur hjá Landmælingum Íslands.

## Hjólreiðar og landupplýsingar

Ásbjörn Ólafsson, Landssamtök hjólreiðamanna og Vegagerðin

Í erindinu er farið um víðan völl um landupplýsingar sem gætu nýst hjólreiðamönnum (og/eða þyrftu að vera til).og öll hjólreiðatengt verkefni varðandi GIS hjá Vegagerðinni.

**Ásbjörn Ólafsson** er formaður Landssamtaka hjólreiðamanna og verkefnastjóri hjá Þjónustudeild Vegagerðarinnar

## Rekjanlegt net gönguleiða í Reykjavík

Herborg Árnadóttir og Árni Geirsson, Alta ehf

Sagt verður frá því hvernig fyrirbyggjandi gögnum um gangstéttir og stíga var breytt í gögn sem lýsa rekjanlegu neti gönguleiða um Reykjavík. Bæta þurfti við upprunalegu gögnin og síðan taka nokkur skref í eftirvinnslu til að tryggja rétta samfellu.

**Herborg Árnadóttir**, landfræðingur og BA í arkitektúr og **Árni Geirsson** verkfræðingur, bæði starfandi hjá Alta ehf.

## Vaxandi hjólreiðamenning kallar á meiri upplýsingagjöf

Kristinn J. Eysteinnsson, Reykjavíkurborg

Stuttlega sagt frá meginatriðum hjólreiðaáætlunar og framvindu hennar. Núverandi gagnasöfn sem sýna vöxt hjólreiða og upplýsingagjöf til notenda..Tækifæri til frekari gagnvirkra upplýsingamiðlunar sem hjálpa til við ákvarðanatökur.

**Kristinn Jón Eysteinnsson.** Tæknifræðingur, 2003 frá Tækniskóla Íslands, Skipulagsfræðingur 2013 frá Háskólanum í Reykjavík. 2003-2016 Verkefnastjóri á samgöngudeild Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Hjólreiðaáætlun Reykjavíkurborgar, Gönguleiðir skólabarna og aldraðra, umferðarhávaði, umferðaröryggismál.

## Færðaapp Vegagerðarinnar

Viktor Steinarsson, Vegagerðin

Í erindinu verður farið yfir högun, hönnun á nýju Færðarappi Vegagerðarinnar og rætt um hvernig við nýtum okkur kortalausnir í appinu sem áætlað er að komi út fyrir lok ársins.

**Viktor Steinarsson** hóf störf sem upplýsingatæknistjóri Vegagerðarinnar í mars 2015. Hann er með BSc. gráðu í tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík og MPM gráðu í verkefnastjórnun frá Háskóla Íslands. Viktor hefur starfað í upplýsingatæknigeiranum í rúmlega 15 ár og hefur m.a. unnið sem forritari og verkefnastjóri í stórum upplýsingatækniverkefnum bæði erlendis og hér heima. Viktor kennir einnig Agile verkefnastjórnun hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

## Notkun ómannaðra loftfara til rannsókna

Tryggvi Stefánsson, Svarmi ehf

Það er óhætt að segja að ómönnuð loftför séu komin til að vera í kortlagningu, gerð þrívíðra líkana og fleira. Ómönnuð loftör er þó hægt að nýta til fjölbreyttra annara verkefna svo sem ýmissa mælinga og með því að samtvinna notkun þeirra með gervitunglamyndum og mælitækjum á jörðu niðri er hægt að sjá fram á fjölda nýrra notkunarmöguleika. Eins býður gagnavinnslan upp á fjölda tækifæra svo sem við talningar á jörðu niðri, mælingar á hita og rakastigi svo eitthvað sé nefnt. Í erindi þessu verður fjallað stuttlega um þau rannsóknar verkefni sem Svarmi vinnur nú að í samstarfi við önnur fyrirtæki og stofnanir á Íslandi ásamt því að gefa innsýn inn nýjar leiðir á kynningu gagna svo sem með sýndarveruleika.

## Úrvinnsla, framsetning og notkun Drónagagna

Stefán Guðlaugsson og Þorvaldur Sæmundsson, Samsýn ehf

Miklu máli skiptir að geta komið upplýsingum úr Drónum hratt og örugglega til skila og vinna vel úr þeim. Kynntar eru ýmsar leiðir til þess að gera gögn aðgengileg sem víðast.

## Ljósleiðarinn og GIS

Einar Grétarsson, Gagnaveita Reykjavíkur

Gagnaveita Reykjavíkur rekur ljósleiðarakerfi sem nær til yfir 70.000 heimila í flestum þéttbýlum á SV-horninu, að Reykjarnesi undanskyldu. Ljósleiðarakerfið sjálft nær þó frá Vestmannaeyjum að Bifröst. Öll hönnun er unnin í Network Engineer sem keyrir á ArcGis, ásamt því að allar upplýsingar um legu og tengingar Ljósleiðarans eru skráðar þar. Network Engineer heldur utan um fjölda kílómetra af rörum og ljósleiðarastrengjum. Þar að auki eru skráðar allar tengingar milli ljósleiðarans, þ.e. splæsingar.

Einar Grétarsson Hönnuður ljósleiðarakerfi Gagnaveita Reykjavíkur

## Kortlagning á viðhorfum Íslendinga á umfangi víðerna

Rannveig Ólafsdóttir, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands

Meginmarkmið verkefnis var að greina og kortleggja upplifun og skynjun Íslendinga á víðernum. Spurningakönnun var send út á úrtak landsmanna sem beindi sjónum að því að láta þátttakendur teikna inn á kort eigin hugmyndir um umfang og staðsetningu víðerna. Stuðst var við hugbúnað sem kallast Map-me sem byggist á fuzzy-hugmyndafræðinni, sem gengur út á það að við mat og kortlagningu á staðbundnum fyrirbærum er oft ómögulegt að draga skarpar línur á milli flokka.

Rannveig Ólafsdóttir, prófessor Ferðamálafræði, Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands